STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2018, mánudaginn 17. desember kl. 13:15 var haldinn 269. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjórahúsinu Elliðaárdal.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Kjartan Magnússon, Katrín Atladóttir í fjarveru Hildar Björnsdóttur, Geir Guðjónsson í fjarveru Guðjóns Viðars Guðjónssonar og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig Björn Gíslason að hluta í fjarveru Kjartans Magnússonar.

Einnig Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 268 lögð fram, samþykkt og undirrituð.

2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins kl. 13:15 og fór yfir stöðu fjármögnunar. Áhættuskýrsla, dags. 7.12.2018, lögð fram og kynnt. Umræður.

3. Klukkan 13:53 mættu Eiríkur Hjálmarsson, Heiða Aðalsteinsdóttir og Jakob S. Friðriksson til fundarins, lögðu fram og kynntu tillögu um orkuvinnslu, sögu og tæknisýningu í Elliðaárdalnum, sem frestað var á SF268. Lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

   Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrirliggjandi drög að samkeppnislýsingu vegna fyrirhugaðrar tækni- og sögusýningar í Elliðaárdal, sbr. samþykkt stjórnar 20. mars 2017. Jafnframt er samþykkt að halda áfram hönnunarvinnu vegna raforkuvinnslu í Elliðaárstöð með nýrri aflvél, sbr. fyrirliggjandi forhönnun.

   Samþykkt samhljóða.

   Klukkan 14:30 mætti Björn Gíslason til fundarins og Kjartan Magnússon vék af fundi. Þá viku Eiríkur Hjálmarsson og Heiða Aðalsteinsdóttir einnig af fundi.

4. Jakob S. Friðriksson kynnti svokallað „snjallmælaverkefni“ Veitna ohf. sem fyrirhugað er að ráðast í. Samþykkt samhljóða að veita forstjóra umboð til að fara með málið á hluthafafundi Veitna ohf. Stjórn leggur áherslu á að fá upplýsingar úr tilraunaverkefnum áður en farið verður um þau „hlið“ sem gert er ráð fyrir áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

5. Lagður fram til staðfestinga samningur SVFR og Orkuveitu Reykjavíkur um veiðiréttindi í Elliðaánum, sem samþykktur var rafrænt á milli funda. Samningurinn staðfestur.

6. Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar, lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu nefndarinnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

   Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

   Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að laun til nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 25.000 fyrir hvern unninn klukkutíma. Formaður hljóti sömu þóknun auk 50% álags.

Geir Guðjónsson lagði fram breytingartillögu um að laun verði 10.000 kr. fyrir hvern unninn klukkutíma.
Breytingartillagan borin upp og felld með atkvæði Geirs Guðjónssonar.
Tillaga starfskjaranefndar borin upp og samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur, Katrínar Atladóttur og Björns Gíslasonar. Geir Guðjónsson greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Katrín Atladóttir og Björn Gíslason ítreka þá skoðun, sem áður hefur komið fram að ekki sé þörf á sérstakri nefnd til að fjalla um kjör eins manns með þeim kostnaði sem slíku fylgir.

Einnig lagt til að Drífa Sigurðardóttir taki sæti í nefndinni.
Samþykkt samhljóða.

7. Starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2019 lögð fram.
   Samþykkt samhljóða.

8. Ákveðið að starfsdagur og stefnumótun stjórnar verði föstudaginn 18. janúar 2019.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga um sölu eignarhlutar Orkuveitu Reykjavíkur í Neyðarlínunni. Tillögunni fylgir greinargerð:

   Stjórn samþykkir að farið verði í viðræður við Reykjavíkurborg um kaup Reykjavíkurborgar á eignarhlut OR í Neyðarlínunni ohf.
   Samþykkt samhljóða.

10. Klukkan 15:30 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir stefnustjóri til fundarins og kynnti framvindu og stöðu stefnuverkefna í samstæðu OR á árinu 2018.
    Umræður.

11. Elín Smáradóttir kynnti verklag og stöðu á úrvinnslu ábendinga í úttektarskýrslu Innri endurskoðanda á vinnustaðamenningu og mannauðsmálum hjá Orkuveitu Reykjavíkur.
    Umræður.

12. Klukkan 15:50 mætti Hildigunnur Thorsteinsson til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu auðlindamælikvarða, dags. 13.12.2018.
    Umræður. Stjórn óskar skriflegra upplýsinga um mun á mælingum þeim á örplasti í neysluvatni sem gerðar hafa verið að undanförnu.

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda.
    Umræður.

14. Önnur mál.

    Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Guðjóni Viðari Guðjónssyni:

    Varðandi það sem Hallur Símonarson var að tala um hvort einhver eftirfylgni verði með þá aðila sem kvörtuðu um einelti á vinnustað í vinnustaðakönnunni?
    Vísað er til 11. liðar.

    Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Geir Guðjónssyni:

    Þetta á við bæði fyrir og eftir tilvist Orku náttúrunnar.
    Hvað hafa margir viðskiptavinir hjá Orkuveitu samstæðunni fært sig um set síðan það var hægt með nýjum raforkulögum.

Greint niður á hve margir hafa fært sig til Orkuveitunnar og frá henni, heimili, fyrirtæki, ár og loks breyting í tekjum.

Hver hefur rekstrarkostnaðurinn við markaðsdeildina verið á sama tímabili, greint niður í launakostnað, beinan auglýsingakostnað, aðkeypta þjónustu, húsnæðiskostnað og annað greinanlegt hjá Samstæðunni.

Forstjóri mun óska eftir upplýsingum frá stjórn Orku náttúrunnar.

Eftirfarandi bókun barst frá byggðaráði Borgarbyggðar:

Byggðarráð þakkar markviss viðbrögð við þeirri stöðu sem kom upp innan OR á haustdögum. Mikilvægt er að bregðast markvisst við þeim atburðum sem áttu sér stað til að orðspor fyrirtækisins og starfsfólks þess verði fyrir sem minnstum álitshnekki. Einnig var mikilvægt að kannað væri til hlítar hvort um undirliggjandi vanda væri að ræða í starfsmannamálum og samskiptum starfsmanna innan fyrirtækisins. Í ljós kom að svo var ekki heldur er innra starf að mannauðsmálum og staða þeirra á flestan hátt til fyrirmyndar. Í úttektinni komu fram ýmsar ábendingar um það sem betur má fara í þessum efnum. Byggðarráð tekur undir nýlega ályktun starfsmannafundar OR um að mikilvægt sé að umræða um fyrirtækið og það starfsfólk sem hjá því vinnur byggi á staðreyndum en ekki upphrópunum og rangfærslum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að framlegð og afkoma reksturs OR og dótturfélaganna voru betri á fyrstu níu mánuðum þessa árs en 2017. Hagnaður fyrstu níu mánuði ársins var 5.9 ma.kr. Í ljósi þessarar góðu afkomu fyrirtækisins er eðlilegt að knýja á að jafnræði ríki í álagningu þjónustugjalda milli þeirra íbúa sem búa á starfssvæði fyrirtækisins. Íbúar Borgarbyggðar greiða um 42% hærra fastagjald og 62% hærra fermetragjald fyrir neysluvatn og 32,5 % hærra fráveitugjald en íbúar höfuðborgarsvæðisins og á Akranesi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16:35.
Næsti fundur er fyrirhugaður 28. janúar 2019.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Geir Guðjónsson, Gylfi Magnússon, Katrín Atladóttir,
Kjartan Magnússon, Björn Gíslason, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2018, mánudaginn 26. nóvember kl. 13:15 var haldinn 268. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Kjartan Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Einnig Helga Jónsdóttir, forstjóri og Hallur Símonarson innri endurskoðandi.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 266 og SF 267 lagðar fram, samþykktar og undirritaðar.

2. Staðfest var heimild til boðunar eigendafundar 30. nóvember 2018, sem samþykkt var með tölvupósti milli stjórnarfunda.

3. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins, lagði fram, kynnti og svaraði spurningum um 9 mánaða uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umsögn endurskoðunarnefndar um uppgjörið lagt fram og kynnt. Sunna Jóhannsdóttir, Lárus Finnbogason og Einar S. Hálfdánarson, nefndarfólk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar mættu til fundarins og kynntu umsögnina.

   Uppgjörið borið upp samþykkt samhljóða.

4. Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar kynnti nýskipaða endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, skipan nefndarinnar, hlutverk og verkefni. Nefndarfólk endurskoðunarnefndar yfirgaf fundinn kl. 14.00.

5. Ingvar Stefánsson kynnti breyttar forsendur fjárhagsspár, sem borist hafa frá Reykjavíkurborg og þau áhrif sem breyttar forsendur hafa á spána. Einnig rekstraryfirlit janúar til október 2018. Þá var kynnt staða fjármögnunar. Áhættuskýrsla lögð fram.

   Fjármálastjóri lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu um fjármögnun. Tillögunni fylgir greinargerð:

   > *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 14,9 milljarða króna á árinu 2019 samkvæmt fjárhagsspá.*
   > *Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.*

   Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Guðjóns Viðars Guðjónssonar. Hildur Björnsdóttir og Kjartan Magnússon sitja hjá.

6. Ásgeir Westergren, forstöðumaður áhættustýringar, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar og greiningar og Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður innkaupa og rekstrarþjónustu mættu til fundarins kl. 14:15 og gerðu ásamt fjármálastjóra grein fyrir framlögðum svörum við fyrirspurnum um lántökur, arðgreiðslur og Bæjarháls 1. Ingvar, Ásgeir, Brynja og Kenneth yfirgáfu fundinn kl. 14:50.

   Kjartan Magnússon og Hildur Björnsdóttir óska bókað vegna fyrirspurnar um lántökur og arðgreiðslur:

Hér var ekki hugað að bestu hagsmunum Orkuveitu Reykjavíkur, sem var skuldsett fyrir arðgreiðslum sem ekki reyndust skilyrði fyrir, og situr nú uppi með vaxtakostnaðinn. Í aðdraganda lántöku hjá Íslandsbanka, dags. 30. desember 2016, var framkvæmd útkomuspá sem sýndi að lántakan myndi hækka veltufjárhlutfall úr 0,9 í 1,0. Var þannig lántökunni ætlað að uppfylla arðgreiðsluskilyrði eigendastefnu, en þar eru arðgreiðslum til eigenda sett þau skilyrði að veltufjárhlutfall sé 1,0. Við gerð ársreiknings leiddu þó óvæntar breytur til þess að veltufjárhlutfall endaði í 0,8 við uppgjör ársins 2016. Samt sem áður var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2016, að fjárhæð 750 milljónir króna, til eigenda.

Við blasir að téð lán hjá Íslandsbanka var gagngert tekið til að uppfylla arðgreiðsluskilyrði. Lántakan kostar Orkuveitu Reykjavíkur tæplega 1,5 milljarða króna í vaxtagjöld á 10 ára tímabili. Orkuveitan er því látin sitja uppi með gríðarlegan vaxtakostnað til þess eins að greiða eigendum arð. Það er ámælisvert að Orkuveitan sé skuldsett gagngert í þessum tilgangi.

7. Forstjóri lagði fram og kynnti skilagrein og tillögur í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar á vinnustaðamenningu og mannauðsmálum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, nóvember 2018. Umræður.

Sameiginleg bókun stjórnar:

Sú úttekt sem nú hefur farið fram á vinnustaðarmenningu og starfsmannamálum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur bendir á ýmsar leiðir til að gera vinnustaðinn enn betri. Þótt úttektin staðfesti að innan Orkuveitunnar ríki góður starfsandi tekur stjórn OR þær ábendingar sem koma fram í úttektinni alvarlega og mun tryggja að við þeim verður brugðist með viðeigandi hætti.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þakkar innri endurskoðanda og þeim sérfræðingum sem hann kallaði til starfa fyrir úttektina og Helgu Jónsdóttur, forstjóra, fyrir þær úrbætur sem ýmist hafa þegar verið gerðar eða komnar eru í farveg.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur vill sérstaklega þakka starfsfólki fyrir góða þátttöku í greiningu á starfsanda innan samstæðunnar og þeirra mikilvæga þátt í að móta þær úrbætur sem fyrirhugaðar eru.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Stjórn hvetur eigendur til að taka til greina tillögur innri endurskoðanda sem snúa að stjórnarháttum. Jafnframt hvetur stjórn til þess að grein 7.3 í sameignarsamningi verði breytt með eftirfarandi hætti:

7. gr.
[...]
7.3 Áður en forstjóri skipar dótturfélagi stjórn skal hann kynna tillögu að skipan stjórnar fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Með sama hætti skal forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur gera tillögu til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um fulltrúa fyrirtækisins í stjórnum hlutdeildarfélaga. Stjórnarmenn ***og forstjóri*** *Orkuveitu Reykjavíkur skulu ekki sitja í stjórn dótturfélags eða hlutdeildarfélags en hafa málfrelsi á aðalfundum dótturfélaga.*
Í samþykktum dótturfélaga skal kveðið á um kröfur varðandi hæfi og samsetningu einstakra stjórna.
Samþykkt samhljóða.

8. Hallur Símonarson, innri endurskoðandi, lagði fram erindi til stjórnar, dags. 26. nóvember 2018, varðandi vinnustaðamenningu og mannauðsmál hjá OR. Erindið er trúnaðarmál. Afgreiðslu erindisins frestað.

9. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri lagði fram og kynnti drög að skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Samþykkt að leggja skýrsluna fyrir eigendafund, þann 30. nóvember nk.

10. Lagður fram samningur milli Orkuveitunnar og Stangaveiðifélags Reykjavíkur ásamt svohljóðandi tillögu, dags. 26.11.2018. Tillögunni fylgir greinargerð:

    Stjórn OR heimilar forstjóra að undirrita meðfylgjandi samning við SVFR um þjónustu við veiði í Elliðaám og vísa honum til Reykjavíkurborgar til samþykkis, samanber samning milli OR og Reykjavíkurborgar frá 27.12.2001 um Elliðaárnar. Tillögunni fylgir greinargerð.

    Afgreiðslu frestað.

11. Lagt fram svar, dags. 23.11.2018, við fyrirspurn Guðjóns Viðars Guðjónssonar af SF 266 varðandi setu starfsmanna í stjórnum dótturfélaga OR.

12. Lagt fram minnisblað, dags. 26.11.2018 um áminningar til starfsmanna á árunum 2014-2018.

13. Lagt fram minnisblað, dags. 22.11.2018, um stöðu umhverfismælikvarða.

14. Lagt fram minnisblað, dags. 20.11.2018, með svörum við fyrirspurn af SF 265 um flugferðir starfsmanna.

15. Forstjóri lagði fram og kynnti minnisblað sitt til stjórnar um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 26. nóvember 2018. Umræður.

16. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17:00.
Næsti fundur er fyrirhugaður 17. desember 2018.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Guðjón Viðar Guðjónsson, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir,
Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.



Sögu- og tæknisýning í Elliðaárdal

Tillögur í desember 2018

Kynning fyrir stjórn OR

SF 269 – 17. desember 2018

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi
Heiða Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum
Jakob S. Friðriksson, viðskiptaþróunarstjóri

Aðdragandinn

2010 Minjasafni OR lokað sem hluti sparnaðar, munir varðveittir

2012 Friðlýsing mannvirkja

2014 Bilun í aðrennslispípu, raforkuvinnslu hætt

2016 Skýrslan Sjálfbær Elliðaárdalur kemur út, aðgerðaáætlun samþykkt

2017 Stjórn OR samþykkir að hefja undirbúning sögu- og tæknisýningar, starfshópur innan OR, sviðsmyndagreining fyrir rafstöð

2018 Viljayfirlýsingar við Borgarsögusafn og Jarðhitaklasann, forhönnun breyttrar rafstöðvar

Orkuveita Reykjavíkur

Sjálfbær Elliðaárdalur

Stefna Reykjavíkurborgar

- Verkefnishópur Reykjavíkurborgar
  - OR átti fulltrúa í hópnum
- Drög að skýrslu kynnt í maí 2016
- Lokaskýrsla gefin út í ágúst 2016
- Skýrsla með aðgerðaáætlun samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 4. október 2016



Orkuveita Reykjavíkur



Samþykkt stjórnar OR

Á stjórnarfundi 20. mars 2017

Stjórn OR samþykkir að hefja undirbúning að samkeppni um tilhögun sögu- og tæknisýningar sem nýti mannvirki OR í Elliðaárdal, sbr. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur 4. október 2016.

Orkuveita Reykjavíkur



Samstarf

- Viljayfirlýsing við Borgarsögusafn
- Samstarf við Jarðhitaklasann, Þjóðminjasafn og Borgarsögusafn vegna jarðbora
- Fundir með umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

Orkuveita Reykjavíkur

Elliðaárstöðin

Grundvallarforsenda í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni

Orkuveita Reykjavíkur

Virkjunarsvæðið

Orkuveita Reykjavíkur

Elliðaárstöð

Afmælisbarn – 100 ára í júní 2021

- Er til vitnis um faglegan og umhverfisvænan rekstur virkjana að virkjunin skuli vera í nær rekstrarhæfu ástandi í dag.
- Nútíma stjórnbúnaður hefur ekki fengið að halda innreið sína í virkjunina.
- Virkjunin er nær óspjallaður minjagripur um tæknisögu og rafvæðingu.

Orkuveita Reykjavíkur

Elliðaárstöð

Staðan í dag

- Ekki í nothæfu ásigkomulagi, þrýstipípa metin ónýt og stíflumannvirki þarfnast viðhalds
- Dýr í rekstri
  - möguleikar til fjargæslu og fjarstýringa takmarkaðir
  - mönnunar (viðveru) krafist á rekstrartíma
  - kostnaður við viðhald og rekstur mannvirkja hár miðað við framleiðslugetu
- Friðlýst

Orkuveita Reykjavíkur

Framtíð Elliðaárstöðvar

Tvær sviðsmyndir skoðaðar

1. Hætta raforkuframleiðslu og viðhalda mannvirkjum stöðvarinnar með tilliti til öryggis og að þau séu til prýði.
   - Núvirtur kostnaður -465 mkr.
2. Hefja raforkuframleiðslu að nýju, endurnýja fallpípu og setja nýja aflstöð jarðhýsi við norðvestur enda núverandi stöðvarhúss.
   - Núvirtur kostnaður -449 mkr.

Það er því jafn óhagkvæmt að setja upp nýja aflstöð og að hætta framleiðslu til frambúðar.

Tölurnar hér að ofan eru núvirtur kostnaður hvorrar sviðsmyndar til 40 ára og miðað við 7% ávöxtunarkröfu.

Orkuveita Reykjavíkur

Hugmynd um framtíð Elliðaárvirkjunar

- Hafin verði framleiðsla á raforku á ný
- Hægt verði að gangsetja núverandi stöð á tyllidögum
- Reist verði ný aflstöð við hlið núverandi stöðvar
- Veitur reki virkjunina og framleiði orku á móti töpum í dreifikerfinu (eigin not)
- OR móðurfélag leggi til heimanmund með stöðinni til Veitna. Heimanmundurinn jafngildi þeim kostnaði sem annars hefði fallið hefði virkjunin verið aflögð

Orkuveita Reykjavíkur

Ný þrýstipípa

Eldri þrýstipípa fjarlægð að hluta eða í heild



Orkuveita Reykjavíkur

Ný rafstöð neðanjarðar



Orkuveita Reykjavíkur

Langsnið af breyttri tilhögun



Orkuveita Reykjavíkur

Kynningarfundir haustið 2018 og næstu skref

- Fundað með
  - Minjastofnun
  - Reykjavíkurborg
    - SEA og USK
  - Hafrannsóknastofnun
  - Orkustofnun
  - SVFR
- Tillagan nú
  - Fullnaðarhanna nýja aflvél
  - Halda hugmyndasamkeppni um tilhögun sýningar

Orkuveita Reykjavíkur

HAGSÝNI FRAMSÝNI HEIÐARLEIKI

Orkuveita Reykjavíkur kt. 552198-3029, annars vegar, hér eftir nefnd OR og Stangaveiðifélag Reykjavíkur kt. 620269-3799 hins vegar, hér eftir nefnt SVFR, sameiginlega nefndir aðilar, gera með sér svohljóðandi:

SAMKOMULAG UM ÞJÓNUSTU VEGNA VEIÐI Í ELLIÐAÁM

1. gr.
Aðdragandi

OR fer með laxveiðirétt í Elliðaám samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg frá 27. desember 2001. Er OR ætlað að kappkosta að viðhalda og byggja upp laxastofn Elliðaáa. Einnig hvíla þær skyldur á OR að gefa sem flestum tækifæri til að veiða í ánum, verði veiðirétturinn framleigður. Þá hvílir sú skylda á OR að afla samþykkis Reykjavíkurborgar fyrir fjölda stanga og verði á veiðileyfum.

OR hefur á grundvelli áðurnefnds samnings framleigt veiðiréttinn til SVFR sem hefur farið með veiðiréttinn óslitið frá 1939. Lögð er áhersla á að tryggja að markmiðum samningsins við Reykjavíkurborg sé fullnægt.

Eftirfarandi samkomulag hefur tekist á milli OR og SVFR um breytingu á samningssambandi aðila og fyrirkomulagi umsýslu veiða í Elliðaám, þar sem OR fer með laxveiðiréttindin en SVFR annast þá þjónustu sem lýst er í samkomulagi þessu.

2. gr.
Markmið OR

OR sem handhafi laxveiðiréttinda í Elliðaám hefur í samráði við Reykjavíkurborg sett eftirfarandi markmið um nýtingu veiði í Elliðaám:

1. Taka mið af lífríkisrannsóknum í Elliðaánum við ákvörðun á fjölda veiðidaga, veiðifyrirkomulagi og leyfilegu agni.
2. Stuðla að því að umhverfi ánna og ásýnd sé með besta móti.
3. Tryggja aðgengi sem flestra að veiði í Elliðaánum og gæta jafnræðis við úthlutun og hófs í verðlagningu veiðileyfa.
4. Hlúa að áhuga ungs og fatlaðs fólks á veiði.

3. gr.
Þjónusta SVFR

SVFR selur OR eftirfarandi þjónustu:

1. Aðgengi að sölu- og markaðskerfum SVFR, til umsókna og úthlutunar veiðileyfa í Elliðaám, þ.m.t. umsýslu með veiðileyfum, sölu, umsjón á veiðitíma og veiðivörslu.
2. Umsýslu með ánum sem felst m.a. í:
    a. Uppsetningu og niðurtöku á laxateljara.
    b. Tengingum teljarans.
    c. Skráningu, gagnasöfnun og varðveislu gagna, sbr. grein 7 hér á eftir.
    d. Veiðieftirliti og umsjón með veiðimönnum.

e. Annast sérstaka veiðidaga til hvatningar fyrir ungt og fatlað fólk til veiða.
f. Setja niður grindur að vori neðan Árbæjarstíflu og neðan rafstöðvar og fjarlægja að hausti
g. Hreinsun Elliðaánna á vorin og halda ánum eins hreinum á veiðitíma og kostur er.
h. Viðhald á vegslóðum að veiðistöðum.
i. Uppsetning og viðhald á merkingum á veiðistöðum.
j. Meinsdýravarnir vegna minks og annars vargs sem ógnar lífríki ánna, í samráði við OR.

3. Rannsóknir á lífríki ánna, sbr. grein 8 hér á eftir.

4. gr.
Framlag OR

Framlag OR er sem hér segir:

1. Ákveður veiðifyrirkomulag, fjölda stanga, veiðitíma og veiðiálag, að fenginni tillögu samráðsnefndar.
2. Ákveður verð á veiðileyfum, að fenginni tillögu samráðsnefndar.
3. Leggur til laxateljara og heldur í rekstrarhæfu ásigkomulagi.
4. Leggur til veiðihús, annast viðhald þess, greiðir fasteignagjöld, tryggingar og orkukostnað, að öðru leyti er húsið og innanstokksmunir á ábyrgð SVFR.

5. gr.
Greiðslur

OR greiðir SVFR fyrir árið 2019 veitta þjónustu sem hér segir: (vísað er til upptalningar í 3. gr.)

- Liður 1 Aðgangur að sölukerfum (áætlað) 1.837.800 kr. (raun 12% af sölu veiðileyfa)
- Liður 2 Umsýsla með ánum (fast) 6.350.000 kr. á ári
- Liður 3 Rannsóknir á lífríki (áætlað) 5.400.000 kr. á ári
- Liður 4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 2.717.560 kr. á ári (20% af liðum1 til 3)

Liður 2 er verðtryggður með vísitölu neysluverðs, grunnur 459,4 (október) og uppfærist í lok hvers árs, vegna næsta árs á eftir.

Liður 3 er greiddur fyrir rannsóknir sem samráðsnefnd tekur ákvörðun um Elliðaárnar og lífríki hennar.

Fyrir lok hvers árs skal fara fram uppgjör á milli aðila, þar sem gerður er upp mismunur tekna félagsins af sölu veiðileyfa og ofangreinds kostnaðar. Gjalddagi uppgjörsgreiðslu skal vera 31. janúar næsta árs.

6. gr.
Samráðsnefnd

Fyrir útgáfu söluskrár SVFR í lok hvers árs, munu aðilar samkomulagsins, svokölluð samráðsnefnd, fara yfir einstök atriði samkomulagsins vegna komandi árs, þ.á.m. en þó ekki bundið við;

- Rekstur samkomulagsins (tekjur og gjöld).
- Niðurstöður rannsókna á lífríki og rannsóknir næsta árs.
    - veiði og örmerkingu gönguseiða að vori

    - upplýsingar um árganga smáseiða í vatnakerfinu
    - hreisturstöku
    - merki í afla
    - úrvinnslu talningargagna
    - sýnatöku á smádýrum
- Veiðifyrirkomulag, skal vera byggt á rannsóknum skv. 5.gr. samkvæmt skilgreindum mælikvörðum sem eru:
    - veiðitímabil á laxi og silungi
    - veiðitíma innan dags
    - fjölda stanga eftir tímabilum og fisktegundum
    - leyfilegt agn
    - hámarksafli
    - veiðisvæði
    - veiðidaga Reykjavíkurborgar
- Verð á veiðileyfum.

Í samráðsnefndinni sitja framkvæmdastjóri SVFR, formaður Elliðaárnefndar SVFR, umhverfisstjóri OR og fulltrúi Innkaupa- og rekstrarþjónustu OR. Samráðsnefndin fundar á áðurgreindum tíma og/eða þegar annar aðili samkomulagsins óskar.

7. gr.
Gögn

SVFR ber að halda veiðidagbækur og skila til Hafrannsóknastofnunar eftir lok hvers veiðitímabils. Árlega, fyrir fund samráðsnefndar skal SVFR skila upplýsingum um veiði í Elliðaám þar sem fram koma upplýsingar um heildarveiði, fjölda slepptra laxa, fjölda laxa sem fóru í gegnum teljara, svo unnt sé að meta hlutfall veiddra laxa ofan teljara, þ.e. veiðiálag. Einnig hversu margir stangardagar voru seldir og dreifing þeirra á veiðitímanum.

8. gr.
Rannsóknir á lífríki

Árlega skal SVFR leggja tillögu fyrir samráðsnefnd um rannsóknir næsta árs á lífríki Elliðaánna. Markmið rannsóknanna er að meta ástand lífríkisins ánna og tryggja samfellu og samanburðarhæfni við rannsóknir fyrri ára.

9. gr.
Samkomulagstími og uppsagnarheimildir

Samkomulag þetta er til fimm ára, vegna veiðiáranna 2019 til og með 2023 og framlengist til fimm ára í senn, hafi uppsögn ekki borist gagnaðila fyrir októberlok síðasta veiðiárs samkomulagstímans.

10. gr.

Upplýsingaskylda

OR hefur víðtæka starfsemi í og við Elliðaárnar, er m.a. handhafi vatnsréttinda Elliðaánna, hluti stofnlagna veitna höfuðborgarsvæðisins þverar árnar og vatnstaka er í Heiðmörk. OR mun upplýsa SVFR um fyrirhugaðar framkvæmdir fyrirtækisins í og við árnar með hæfilegum fyrirvara og gefa SVFR kost á að koma með athugasemdir og ábendingar.

11. gr.

Ýmis ákvæði

Rísi ágreiningur vegna samkomulags þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Komi upp óviðráðanleg atvik sem geta haft áhrif á möguleika aðila til að efna samkomulag þetta, skulu aðilar þess, taka það til endurskoðunar með það að markmiði að viðhalda samningssambandi aðila. Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni og tillitssemi við eftir og framkvæmd samkomulagsins.

Verði samningur OR og Reykjavíkurborgar endurskoðaður á gildistíma samkomulags þessa, skal það endurskoðað til samræmis. Samningsaðilum er ljóst að leita þarf samþykkis Reykjavíkurborgar fyrir samningi þessum.

Aðilum samkomulagsins er óheimilt að framselja réttindi og skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu til þriðja aðila, umfram það sem segir í samkomulaginu, nema með samþykki gagnaðila.

Leiti SVFR heimildar til greiðslustöðvunar, heimildar til nauðasamninga eða komi fram krafa um að bú SVFR verði tekið til gjaldþrotaskipta, áskilur OR sér rétt til að rifta samkomulaginu án tafar.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða frumritum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík xx. nóvember 2018

Fh. Orkuveitu Reykjavíkur	Fh. Stangaveiðifélags Reykjavíkur
_____	_____
Bjarni Bjarnason / Helga Jónsdóttir, forstjóri	Jón Þór Ólason formaður SVFR

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 269
SRJ
Reykjavík 14. desember 2018

Tillaga

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að laun til nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 25.000 fyrir hvern unninn klukkutíma. Formaður hljóti sömu þóknun auk 50% álags.

Greinargerð

Síðastliðin ár hefur þóknun starfskjaranefndar verið sú sama og þóknun varamanna í stjórn OR. Þóknunin hefur síðan fylgt hækkun vísitölu launa opinberra starfsmanna, með einni undantekningu árið 2016. Starfskjaranefnd telur að í stað þess að miða þóknun við að greiða fyrir hvern fund nefndarinnar, líkt og verið hefur, ætti frekar að miða við þann tíma sem vinnan tekur. Byggt er á að slík tilhögun auki gagnsæi og skilvirkni auk þess að með þessari tilhögun sé komið á betra samhengi á milli þóknunar nefndarinnar og þess tíma sem verkefni nefndarinnar taka.

F.h. starfskjaranefndar

Sigríður Rut Júlíusdóttir

STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR OR FYRIR ÁRIÐ 2019

1. ársfjórðungur	2. ársfjórðungur	3. ársfjórðungur	4. ársfjórðungur
Fundargerðir staðfestar.			
ÖHV mál.			
Staða umhverfis- og auðlindamælikvarða.			
Fjármál og áhættuskýrsla			
Upplýsingar úr dótturfélögum			
Skýrsla forstjóra um starfsemi samstæðunnar milli funda.			
Innkaupayfirlit		Innkaupayfirlit	
Ársreikningur - umfjöllun og staðfesting	Árshlutauppgjör - Þriggja mánaða	Árshlutauppgjör - Sex mánaða	Árshlutauppgjör - níu mánaða
Skýrsla og greinargerð ytri endurskoðanda	Aðalfundur - dagskrá og tillögur	Fjárhagsáætlun	
Skýrsla innri endurskoðanda	Kynning á ársskýrslu félagsins	Starfsreglur stjórnar	Starfsáætlun stjórnar fyrir hvert rekstrarár (almanaksár)
Skýrsla regluvarðar	Mat á eigin störfum		
Umhverfisskýrsla			Framfylgd eigendastefnu
Starfskjarastefna			
Starfsdagur stjórnar			
	Mat á störfum forstjóra og kjörum	Starfsdagur stjórnar	
Þema Umhverfismál	Þema Starfsmannamál	Þema Viðskiptavinir (þjónusta, gæði)	Þema Fjármál og rekstur
Tilfallandi á fundum stjórnar:			
Staðfesting ákvarðana sem stjórn tekur milli funda			
Fyrirspurnir og svör sem afgreidd eru milli funda			

Dagsetning	Fastir liðir
Janúar 2019	Stefnumótunardagur **heildarstefna**
28. janúar 2019	Drög að umhverfisskýrslu, rýni heildarstefnu og jafnréttisstefnu
25. febrúar 2019 *Ársuppgjörið verði **samþykkt á símafundi** eins og gert var 2018, þann **7. mars**, þar sem endurskoðun mun liggja fyrir 3. mars.	Drög að ársreikningi 2018. Rýni innkaupastefnu og stefnu um skjala- og upplýsingastjórnun
25. mars 2019	Rýni starfsmannastefnu, , siðareglna og starfskjarastefnu
8. apríl 2019 (snemma vegna páska)?	Stjórnarfundur. Rýni gæðastefnu og persónuverndarstefna Mat á störfum forstjóra og stjórna. Undirbúningur aðalfundar
30. apríl 2019	Aðalfundur
27. maí 2019	**F1 (3m) árshlutauppgjör.** Innri og endurskoðunarnefnd Rýni ÖHV stefnu
24. júní 2018	Rýni umhverfis- og auðlindastefnu..
26. ágúst 2018	**H1 (6m) árshlutauppgjör** Innri og endurskoðunarnefnd Samskiptastefna og stefnu um samfélagsábyrgð.
23. september 2018	**Fjárhagsáætlun 2018 til Reykjavíkurborgar** Rýni arðsstefnu og fjárstýringar- og áhættustefnu
28. október 2018	Rýni upplýsingaöryggisstefnu og upplýsingatæknistefnu Rýni starfsreglna stjórnar

25. nóvember 2018	**F3 (9m) árshlutauppgjör** Innri og endurskoðunarnefnd Skýrsla um framfylgd eigendastefnu. Eigendafundur. Umhverfis- og auðlindastefna og stefna um vistvænar samgöngur
16. desember 2018	Starfsáætlun stjórnar

Dagsetningar uppgjöra eru með fyrirvara um kröfur borgarinnar um skil á uppgjörum.

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 269
IS/bfb
Reykjavík 17. desember 2018

Tillaga

Lagt er til að farið verði í viðræður við Reykjavíkurborg um kaup Reykjavíkurborgar á eignarhlut OR í Neyðarlínunni ohf.

Greinargerð

Í tölvupósti borgarritara frá 3. desember sl. segir m.a.

„Ég hef undanfarna mánuði rætt við stjórnarformann og framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar um möguleg kaup ríkisins á hlut Landsvirkjunar í félaginu, samhliða kaupum Reykjavíkurborgar á hlut OR í félaginu. Tilgangurinn með þessu er einföldun á eignarhaldi. Fram hefur komið í þessum samtölum að málið hafi verið rætt við hlutaðeigandi hjá OR og Landsvirkjun.

Samhliða þessu stendur til að gera breytingar á samþykktum félagsins til að tryggja Reykjavíkurborg fasta aðkomu að stjórn félagsins, með um 20% eignarhlut á móts við um 80% hlut ríkisins.“

Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum komið til tals að eigendur Neyðarlínunnar selji eignarhluti sína í félaginu með það að markmiði að eignarhaldið verði alfarið hjá opinberum stjórnvöldum. Í dag eru eigendur Neyðarlínunnar þessir:

Ríkissjóður	73,68%
Reykjavíkurborg	10,53%
Landsvirkjun	7,89%
Orkuveita Reykjavíkur	7,89%

Eins og að framan greinir eru nú uppi hugmyndir um kaup ríkisins á eignarhlut Landsvirkjunar og kaup Reykjavíkurborgar á eignarhlut OR.

Frá því að OR eignaðist hlut í Neyðarlínunni árið 2005 hefur OR aldrei fengið greiddan arð eða átt fulltrúa í stjórn, enda tilgangur Neyðarlínunnar fyrst og fremst að efla öryggi og velferð ekki hagnaðarsjónarmið,.

Unnið hefur verið gróft mat á verðmæti eignarhlutar OR sem byggir á sjóðstreymisgreiningu. Verðmat byggt á kennitölusamanburði er líklega ófær þar sem samanburðarfyrirtæki sem skráð eru á markað eru ekki til staðar.

Orkuveita Reykjavíkur

Stór hluti af efnahagsreikningi Neyðarlínunnar er eignarhlutur í hlutdeildarfélagi, Öryggisfjarskipti ehf. sem hefur verið með mun betri afkomu en Neyðarlínan undanfarin ár. Við verðmat Neyðarlínunnar væri rétt að verðmeta eignarhluta Neyðarlínunnar í Öryggisfjarskiptum sérstaklega.

Mat á verðmæti eignarhluta OR í Neyðarlínunni:

Bókfært verð	7,4 milljónir kr.
Hlutdeild í eigin fé 31/12/2017	12,5 milljónir kr.
Virði samkvæmt sjóðstreymisgreiningu	2 – 12 milljónir kr.

Ingvar Stefánsson

Mæling markmiðsferlis og framvinda stefnuverkefna í samstæðu OR

- desemer -

Guðrún Erla Jónsdóttir

Stjórnarfundur OR

17.12.2018

Stefnumiðuð stjórnun



Orkuveita Reykjavíkur



Mynd: Samantekið yfirlit yfir stefnur í samstæðu OR og ábendingar

Orkuveita Reykjavíkur

Eigendastefnan kveður á um samræmi

Ábyrgðarmaður stefnu fylgir henni eftir alla leið



Orkuveita Reykjavíkur



Orkuveita Reykjavíkur

Stefnur í samstæðu OR



Stefna sviðs/dótturfélags	ORKUVEITA REYKJAVÍKUR SEF.	VEITUR OHF.	ORKA NÁTTÚRUNNAR OHF.	GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR EHF.
Áhættustefna	✓	✓	✓	✓
Umhverfis- og auðlindastefna	✓	✓	✓	✓
Gæðastefna	✓	✓	✓	✓
Öryggi, heilsa og vinnuvernd	✓	✓	✓	✓
Innkaupastefna	✓	✓	✓	✓
Upplýsingaöryggisstefna	✓	✓	✓	✓
Upplýsingatæknistefna	✓	✓	✓	✓
Starfsmannastefna	✓	✓	✓	✓
Starfskjarastefna	✓	✓	✓	✓
Jafnréttisstefna	✓	✓	✓	✓
Siðareglur	✓	✓	✓	✓
Samfélagsábyrgð	✓			
Matvælaöryggisstefna		✓		
Skjala- og upplýsingastjórnun	✓	✓		
Samskiptastefna	✓			✓
Samkeppnisréttarstefna			✓	
Þjónustustefna	✓	✓	✓	✓
Stefna um vistvænar samgöngur	✓			
Persónuverndarstefna	✓	✓	✓	✓

Orkuveita Reykjavíkur

Rýni í samstæðu á stefnum, markmiðum og mælikvörðum
(Rýni Stefnuráðs og stjórna í samstæðu árið 2018)

Eigendastefna
Arðgreiðslustefna x
Arðsemisstefna x

Heildarstefna OR

	STEFNURÁÐ	OR	VEITUR OHF.	ORKA NÁTTÚRUNNAR	GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR
Heildarstefna	x	x	x	x	x
Áhættustefna	x	x	x	x	x
Umhverfis- og auðlindastefna	x	x	x	x	x
Gæðastefna	x	x	x	x	x
ÖHV stefna	x	x	x	x	x
Innkaupastefna	x	x	x	x	x
Upplýsingaöryggisstefna	x	x	x	x	x
Upplýsingatæknistefna	x	x	x	0	x
Starfsmannastefna	x	x	x	x	x
Starfskjarastefna	x	x	x	x	x
Jafnréttisstefna	0	0	0	0	0
Siðareglur	x	x	x	x	x
Samfélagsábyrgð	x	x	/	/	/
Matvælaöryggisstefna	/	/	x	/	/
Skjala- og upplýsingastjórnun	x	/	x	/	/
Samskiptastefna	x	/	/	/	/
Samkeppnisréttarstefna	/	/	/	x	/
Þjónustustefna	0	/	x	x	x
Stefna um vistvænar samgöngur	x	/	/	/	/
Persónuverndarstefna	x	x	x	x	x

Framvinda stefnuverkefna

Orkuveita Reykjavíkur

Tvenns konar árangur sem fylgjumst með



Orkuveita Reykjavíkur

Heildarfjöldi stefnuverkefna í samstæðu í **desember 2018 : 66**

30% verkefna alveg lokið

53% verkefna lokið eða næstum lokið

Orkuveita Reykjavíkur

Upplýsingagjöf til stjórnar

53% verkefna er lokið eða næstum lokið

- Stefnuverkefni sem hafa farið af stað síðustu 2 mánuði = 4
- Stefnuverkefni sem eru að fara af stað á næstu 2 mánuðum = 0
- Stefnuverkefni sem lokið var síðustu 2 mánuði = 2
  - FJ: Milliinnheimta
  - SF: Lýsigögn teikninga Veitna

- Lokaspretturinn að hefjast í flestum verkefnum og þeim sem er ólokið núna mun ljúka um áramót.

Orkuveita Reykjavíkur

Stefnuverkefnum lokið á síðustu mánuðum : **2**

Virðing fyrir þörfum viðskiptavina og góð og örugg þjónusta

Lykilárangur:

Þjónustugæði

SF: Lýsigögn teikninga Veitna

Virðing fyrir þörfum viðskiptavina og góð og örugg þjónusta

Lykilárangur:

Þjónustugæði

FJ: Milliinnheimta

Orkuveita Reykjavíkur

Dótturfyrirtæki og svið OR

Framvinda stefnuverkefna

	Fjöldi stefnuverkefna	Lokið	Hlutfallslega lokið	Upplýst um árangur
Gagnaveitan	11	8	73%	100%
Orka náttúrunnar	13	3	23%	100%
Veitur	5	0	0%	/
Skrifstofa forstjóra	17	5	30%	100%
Fjármál	15	3	20%	100%
Þjónusta	4	1	25%	100%
Þróun	1	0	0%	/
Samtals heild	66	20	30%	

Orkuveita Reykjavíkur

HAGSÝNI FRAMSÝNI HEIÐARLEIKI

MINNISBLAÐ UM FORÐAGÆSLU

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri

Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar

Dagsetning: 13. desember, 2018

Háhiti

Mælikvarði á stöðu auðlinda háhitavirkjana

Mælikvarðinn á stöðu auðlinda háhitavirkjana var nýverið uppfærður fyrir fyrri hluta árs 2018 og niðurstöðuna má sjá hér fyrir neðan. Í kjölfar hverrar uppfærslu mælikvarðans eru skilgreind úrbótaverkefni þar sem ástæða er til en mikið af verkefnum er nú þegar í gangi. Mælikvarðinn er uppfærður tvisvar á ári.





Nýjar holur á Hellisheiði
Borun á HE-63 hófst í lok október milli hrauns og hlíðar. Borun hefur gengið hægt vegna steypingavandræða.

HE-61 í Hverahlíð var tengd inn á veitu um miðjan nóvember og er hún með öflugustu holum á Hengilssvæðinu.

Ný hola tengd á Nesjavöllum
Ný hola sem boruð var í sumar, NJ-30, var tengd inn á veitu í lok október og jókst þá framleiðsla Nesjavallavirkjunar í full afköst en holan er vel yfir meðallagi í afköstum.

Tímamót í niðurdælingu á Nesjavöllum
Í nóvember hófst tilraun með niðurdælingu jarðhitavatns á Nesjavöllum þegar jarðhitavatni frá virkjuninni var dælt í holu NJ-18. NJ-18 er ónýtt vinnsluhola boruð fyrir meira en 30 árum og hefur þar til þessa verið notuð sem eftirlitshola með þrýstingi í jarðhitakerfinu. Um 10% jarðhitavatnsins frá virkjuninni verður dælt í holuna og er þetta í fyrsta skipti sem jarðhitavatni er dælt aftur ofan í jarðhitakerfið á Nesjavöllum. Náið verður fylgst með áhrifum niðurdælingarinnar á jarðhitakerfið og verður reynslan notuð til stefnumörkunar í niðurdælingu jarðhitavatns á Nesjavöllum.

Neysluvatn

Staða vatnsbóla

Mælikvarði um stöðu vatnsbóla var nýlega uppfærður fyrir fyrri hluta 2018. Hámarkseinkunn hvers vatnsbóls er 5 og gefur til kynna að staða vatnsbóls sé góð, gæði séu tryggð og ekki sé fyrirsjáanlegur skortur á forða á næstu árum. Dregið er frá eitt stig fyrir sérhvert eftirfarandi atriði:

- Gögn eru ófullnægjandi
- Forðaskortur er fyrirsjáanlegur
- Gæði vatns hafa minnkað
- Vatnsbólum stafar ógn af framkvæmdum, starfsemi og/eða umferð

Einkunn allra svæða er birt hér að neðan. Úrbótaverkefni eru skilgreind í framhaldinu en mörg hver eru þegar í vinnslu. Mælikvarðinn er uppfærður tvisvar sinnum á ári.



Örplast
Haustið 2017 var birt rannsókn um örplast í neysluvatni. Veitur hafa aldrei mælt lífræn mengunarefni í vatnsbólum sínum. Slík efni myndu hafa tilhneigingu til að setjast á plast sem gæti verið til staðar. Engin viðmiðunarmörk eru um örplast í neysluvatni og fylgjast Heilbrigðiseftirlit ekki sérstaklega með örplasti. Veitur fóru af stað með rannsókn haustið 2017 á örplasti í kerfum sínum og var vatni safnað í völdum borholum og í dreifikerfinu. Plast fannst í kerfinu í mjög litlum mæli. Þar sem rannsóknin gekk einungis út á telja agnir en ekki efnagreina þær er uppruninn enn á huldu. Í kjölfarið á þessari rannsókn var ákveðið að þróa betur söfnunar- og greiningaraðferðir og rannsaka kerfin okkar betur. Sú rannsókn stendur yfir og er niðurstaðna að vænta á fyrrihluta 2019. Taka skal fram að í fyrri og yfirstandandi rannsókn Veitna sjást engar vísbendingar um örplastþræði í vatnsbólunum í líkingu við þann þráðafjölda sem greint var frá með sýnatökuaðferð Kveiks og talningu Matís á því sýni.

Lághiti

Staða lághitaauðlinda
Mælikvarði um stöðu lághitaauðlinda var nýlega uppfærður fyrir fyrri hluta 2018. Hámarks-einkunn hvers svæðis er 5 og gefur til kynna að jarðhitasvæði sé í jafnvægi og ekki fyrirsjáanlegur skortur á forða á næstu árum. Dregið er frá eitt stig fyrir sérhvert eftirfarandi atriði:

- Gögn eru ófullnægjandi
- Vatnsborð fer lækkandi
- Kælingar eða breytinga á efnainnihaldi verður vart
- Forðaskortur er fyrirsjáanlegur

Einkunn allra svæða er birt hér að neðan. Úrbótaverkefni eru skilgreind í framhaldinu en mörg hver eru þegar í vinnslu. Mælikvarðinn er uppfærður tvisvar sinnum á ári.

Hitaveita höfuðborgarsvæðisins
Töluverð auking hefur verið síðastliðið ár á eftirspurn eftir heitu vatni í hitaveitu höfuðborgar-svæðisins og kerfið farið að nálgast þolmörk í forða. Veitur eru með þó nokkur verkefni til að bregðast við þessu en þar má helst nefna stækkun varmastöðvar á Hellisheiði frá 133 MWth

upp í 200 MWth sem áætlað er að komi í gagnið veturinn 2019-2020 og og færslu Árbæjarhverfis frá lághitavatni yfir á virkjanavatn sem áætlað er að klárist 2020.



Eftirspurn eftir lághitavatni í hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Gert ráð fyrir að 2020 fari Árbæjarhverfið yfir á virkjanavatn

Nýsköpun

Rannsóknir á Hengilssvæðinu

Vinnustofa um rannsóknir á Hengilssvæðinu var haldin 4. desember síðastliðinn í tengslum við RANNÍS verkefni Háskóla Íslands um víxlverkun jarðhita, kviku- og jarðskorpuhreyfinga á svæðinu. Flutt voru 17 erindi en um 30 vísindamenn sátu fundinn, flestir frá Háskóla Íslands og samstarfsaðilum hans í verkefninu, Veðurstofu Íslands, Íslenskum orkurannsóknum og Orkuveitu Reykjavíkur. Uppsetning nýrra mælitækja á Hengilssvæðinu síðustu ár hefur aukið möguleika vísindamanna og glætt áhuga þeirra rannsóknum á svæðinu.